



HRUNAMANNAHREPPUR

28. FUNDUR HREPPSNEFNDAR (AUKAFUNDUR) KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 7. FUNDUR ÁRSINS VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 26. JÚNÍ 2012 KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 26. júní 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til aukafundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Þorleifur Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir varaoddviti setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Kjör oddvita og varaoddvita.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. 48.fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. júní s.l. og 81. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 7. júní 2012.

Gengið til dagskrár:

1. Kjör oddvita og varaoddvita.

Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita hreppsnefndar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. 48.fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. júní s.l. og 81. afgreiðslufund bygg. fulltrúa frá 7. júní 2012.

Varaoddviti lagði fram fundargerð 48. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 21. júní s.l. en þar var farið yfir 1 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 2, fundargerð 81. afgreiðslufundar byggingafulltrúa frá 7. júní þar sem tekin voru fyrir 3 mál sem snertu Hrunamannahrepp. Mál nr. 4, þar sem lögð var fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi úr landi Syðra-Langholts 2 fyrir 3,96 ha frístundasvæði sem nefnist Vesturhlíð. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn frá Vegagerðinni og var tillagan samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15.